

Borgarstjórn
21. janúar 2020

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að fallið verði frá skerðingu á þjónustutíma leikskóla Reykjavíkur

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að fallið verði frá að skerða þjónustutíma leikskóla Reykjavíkur en þess í stað er lagt til að opnunartími leikskólanna verði sveigjanlegur og hverjum og einum leikskóla verði falið að skipuleggja lengd leikskóladagsins með þarfir þeirra foreldra í huga sem eru ekki með sveigjanlegan vinnutíma, sem og hagsmuni barna og starfsfólks. Slík ráðstöfun myndi gera leikskólana sjálfstæðari og á sama tíma myndi skapast tækifæri til að bjóða upp á sveigjanlegan vinnutíma í leikskólunum.